



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík
Sími 92-3100

169.

FUNDUR SKÓLANEFNDAR

11. apríl 1992

Mættir: Sigríður Jóhannesdóttir, formaður, Gestur Pétursson, Gísli Torfason, Guðbjörg Ingimundardóttir, Guðjón Kristjánsson, Ingvar Eyfjörð Jónsson, Kristbjörn Albertsson, Magnús Óskar Ingvarsson og Hjálmar Árnason, skólameistari.

Formaður setti fund, verðandi formaður NFS, Ingvar Eyfjörð Jónsson, boðinn velkominn til starfa.


1. **Viðbygging.**
Framkvæmdir eru á áætlun og hægt verður að byrja að flytja inn á 1. hæðina í júní. Búið er að panta skólabúnað frá Þýskalandi. Fjármál ganga skv. áætlun.
2. **Útboð mótuneytis nemenda.**
Samþykkt að bjóða verkið út með endurskoðun samnings eftir 1 ár.
3. **Útboð ræstinga.**
Samþykkt að leita tilboða í ræstingu á skólanum frá og með næsta skólaári.
4. **Fjármál/fjárlagagerð.**
 - a) Þann 21. apríl er skiladagur á að senda inn gögn vegna fjárlaga 1993. Skólameistara falið að vinna verkið og senda inn með fyrirvara um samþykki skólanefndar.
 - b) Í framhaldi af bréfi sem skólanefnd samþykkti að senda á 168. fundi sínum og fundi skólameistara með ráðuneytis-mönnum hefur verið samþykkt að FS fái í framtíðinni sömu viðmiðunartölu við útreikninga kennslumagns og sambærilegir skólar hafa. Leita þarf leiða til að spara þrjár milljónir á næstu önn. Málið verður afgreitt á maífund.
5. **Ráðningamál.**
Samþykkt að veita Bjarna Jóhannssyni launalaust leyfi í eitt ár. Nokkrir kennara munu hætta störfum og hafa stöður þeirra verið auglýstar lausar til umsóknar. Frestur til að sækja um


er til 30. apríl. Staða námsferilsstjóra hefur verið auglýst laus til umsóknar innan skólans.

6. Önnur mál.

- a) Borist hefur erindi frá Iðnnemasambandi Íslands vegna innheimtu félagsgjalds. Samþykkt að heimila því að senda sérgíróseðil með gíróseðli frá skólanum.
- b) Samþykkt að veita Sumarrósu Sigurðardóttur, dönsku-kennara, styrk til að fara á námskeið í Danmörku.
- c) Erindi frá Sturlaugi Ólafssyni beint til skóla-meistara.
- d) Magnús Helgi Kristjánsson, nemandi í FS, hefur hannað veggspjald undir leiðsögn Björn Sturlaugssonar, mynd-listakennara og hefur það verið gefið út og sent í flesta skóla. Þeim eru færðar þakkir fyrir framtakið.
- e) Umræða um reykingar í og við skólann.
- d) Fundarmenn skoðuðu nýbygginguna í lok fundar.

Fleira ekki gert og fundi slitið.


Sigríður Jóhannesdóttir
formaður


Hulda Björk Þorkelsdóttir
fundarritari